



68. ársþing HSI haldid á Grand hótél 5. apríl 2025

Pingskjal nr: 6

Breytingar á lögum HSI:
Flutningsadili: Laganefnd HSI

20. gr. Aganefnd

Aganefnd HSI skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Skal a.m.k. einn aðalmaður vera löglærður og skal varamaður hans einnig vera löglærður.

Nefndin úrskurðar um viðurlög samkvæmt lögum þessum, reglugerðum HSI og starfsreglum aganefndar gegn aðildarfélögum, forráðamönnum, leikmönnum, þjálfurum, starfsmönnum, umboðsmönnum, áhorfendum og öðrum þeim sem eru innan vébanda aðildarfélaga HSI.

Aganefnd skal úrskurða um þau atriði sem fram koma í atvikaskýrslum dómara og/eða eftirlitsmanna í leikjum á Íslandsmóti, í bikarkeppni, deildarbikarkeppni og meistarakeppni. Nefndin fjallar um brot leikmanna, þjálfara, forystumanna félaga, félaga og áhorfenda. Þá fjallar nefndin um önnur mál sem berast henni og/eða hún telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna leikja sem fara fram á Íslandi, enda fjalli ekki aðrir um þau.

Aganefnd skal tilkynna úrskurð sinn strax að loknum fundi, með rafrænum hætti eða öðrum sannanlegum hætti, til formanns handknattleiksdeildar viðkomandi félags eða þess aðila senj félagið hefur bent HSI á. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu HSI strax að loknum fundi.

Heimilt er að skjóta til dómstóls HSI úrskurðum aganefndar sem kveða á um það að leikmaður, þjálfari, starfsmaður liðs eða félag skuli sæta ~~tímabundnu bannibanni sem nær yfir ákveðið tímabil~~ eða sektum að hærrí fjárhæð en kr. 100.000 eða ef úrskurður felur í sér endurtekt á leik eða breytingum á úrslitum leikja. Í tilvikum sem þessum skal öllum aðilum máls kynntur úrskurður aganefndar.

Greinargerð

Verið að laga orðalag þar sem heimild til að skjóta úrskurðum til dómstóls nær ekki yfir leikbönn sem eru stakir leikir.